

## Svar

### mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Ingu Björk Margrétar Bjarnadóttur um táknmál í grunnskólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að hefja kennslu á táknmáli í grunnskólum? Ef svo er, í hvaða skólum og hvenær?*

Ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir heyrnarlausar og heyrnarskerta og táknmálkennslu fyrir heyrnarlausar hefur verið í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1999. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, þar sem m.a. er mælt fyrir um að setja skuli ákvæði um íslenskt táknmál í aðalnámskrá. Markmið fyrir kennslu í íslensku táknmáli falla undir námssvið íslensku í grunnskóla og er námssviðið íslenska nánar útfært í aðalnámskrá grunnskóla, greinahluta íslensku frá árinu 2013.

Ekki er gert ráð fyrir því í núverandi aðalnámskrá grunnskóla að táknmálkennsla standi öðrum til boða í grunnskólum en þeim sem eru heyrnarlausir. Það útilokar þó ekki að boðið sé upp á slíka kennslu sem valgrein fyrir nemendur sem ekki eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir, en slíkt fer eftir ákvörðun viðkomandi grunnskóla.